

L Ö G

33
7. maí

um

um skattgreiðslu h.f. Eimskipafjelags Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f. skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 og 1930, enda greiði það ekki hluthöfum hærri arð en fjóra af hundraði á því tímabili.

2. gr.

Árin 1929 og 1930 skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir eignum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjar-sjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Meðan fjelagið er undanþegið tekju- og eignarskatti, skal því bera skylt að veita alt að 60 mönnum á ári ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum fjelagsins, 30 á hvoru farrými, fyrsta og öðru, samkvæmt úthlutun mentamálaráðs Íslands, alt að 10 með sömu skipsferð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús J. Kristjánsson.